

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Akureyrar.

### I. RAFORKA.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### A. Lýsing.

A—1 Kr. 1,70 hver kWh til lýsingar.

A—2 Kr. 1,09 hver kWh til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 560,00 á ári fyrir 25 m<sup>2</sup> gólfhlöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 16,65 fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatlar.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Kr. 1,26 hver kWh til heimilisnotkunar.

#### C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 1,51 hver kWh til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári kr. 1 569/kW/ár og kr. 0,36 kWh. Ljósanotkun hjá notendum sem kaupa samkvæmt þessum gjaldskrárlið verði mæld um sama mæli og vélanotkunin.

C—3 Kr. 1,51 hver kWh ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári.

C—4 Sértexti Gefjunar, kr. 0,20/0,17 hver kWh og kr. 1 603,00 hvert kW.

C—5 Kr. 2,26 hver kWh til nýbygginga.

#### D. Hitun.

D—1 Kr. 0,31 hver kWh til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

D—2 Kr. 0,22 hver kWh til upphitunar (næturhitun), ef straumur er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.

#### E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 0,69 hver kWh til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWh á ári.

F—1 Sértexti Málmhúðunarinnar, kr. 0,47 hver kWh til iðnaðar.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir og hitastillar notaðir.

#### Önnur notkun.

- Rafveitustjórn, getur með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.

2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

## II. MÆLALEIGUR.

Rafveita ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns, og skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa .....	kr. 79,00
Orkumælir, þrífasa .....	kr. 315,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	kr. 531,00
Aflmælir .....	kr. 513,00
Aflmælir með straumspennum .....	kr. 808,00
Móttökuliði, einpóla .....	kr. 354,00
Móttökuliði, þrípóla .....	kr. 513,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

## III. HEIMTAUGAGJÖLD.

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi Rafveitu Akureyrar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugargjald
63 A	1-fasa .....	kr. 6 600,00
63 A	3-fasa .....	kr. 7 220,00
100 A	3-fasa .....	kr. 11 415,00
160 A	3-fasa .....	kr. 18 280,00
200 A	3-fasa .....	kr. 22 850,00
315 A	3-fasa .....	kr. 35 990,00
400 A	3-fasa .....	kr. 45 680,00
715 A	3-fasa .....	kr. 81 100,00
1 200 A	3-fasa .....	kr. 137 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4. Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Lengdargjald		
		Stofngjald	Jarðstrengur	Loftlína
		kr.	kr/m	kr/stópi
63 A	1-fasa .....	1 290,00	192,00	2 430,00
63 A	3-fasa .....	1 810,00	192,00	2 820,00
100 A	3-fasa .....	1 920,00	250,00	3 235,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

5. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstöökum samningi hverju sinni.
6. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
7. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.
8. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

#### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar kr. 170,00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 170,00 og sett videigandi vör.
3. Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 1. maí 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 222/1982 um breytingu á gjaldskrám rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 124 24. febrúar 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 314.

24. maí 1982.

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Húsavíkur.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

##### A. Lýsing.

1.1 Um kWh-mæli á kr. 5,36.

1.2 Um kWh-mæli á kr. 2,25 á hverja kWh, auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal.